

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

36. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar haldinn að Breiðabliki þann 22.08.2016 og hófst kl. 21:00.

Mætt voru:

Atli Sveinn Svansson, Hilmar Hallvarðsson, Sif Matthíasdóttir, Guðrún Karólína Reynisdóttir, Halldór Jónsson og Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi sem einnig ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Orkufjarskiptum, Krókhálsi 5c, 110 Reykjavík.

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna ljósleiðaralagnar í Helgafellssveit.

Samþykkt.

2. Erindi frá Snorra Jóhannssyni f.h. Bassa ferðaþjónustu.

Sótt er um leyfi fyrir byggingu gestahúss á lóðinni Léttuhlíð nr. 1 úr landi Gríshóls.

Nefndin hafnar erindinu þar sem ekki eru fyrir hendi lóðarréttindi.

3. Erindi frá N1 hf.

Sótt er um að setja niður eldsneytistank og sjálfagreiðslustöð á nýrri lóð sem staðsett er við Breiðablik í landi Fáskrúðarbakka í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Samþykkt.

4. Erindi dags. júlí 2016 frá Guðbjarti Gunnarssyni, Hjarðarfelli.

Sótt er um leyfi fyrir byggingu íbúðarhúss að Hjarðarfelli.

Nefndin telur ekki tilefni til grenndarkynningar þar sem ekki séu fyrir hendi grenndarhagsmunir að mati nefndarinnar.

Nefndin samþykkir erindið með fyrirvara um leiðréttar teikningar.

5. Erindi frá Hinrik Hjartarsyni, Lyngholti.

Sótt er um leyfi til viðbyggingar (lengingar) við fjárhúsbragga til norðvesturs.

Byggt verður með sama hætti og það hús sem fyrir er.

Samþykkt með fyrirvara um framlagðar teikningar.

6. Hús án stöðuleyfis.

Byggingarfulltrúa falið að rita eiganda bréf vegna tveggja húsa sem standa á gatnamótum Stykkishólmsvegur og Skógarstrandarvegur.

7. Til kynningar:

a) Bréf Skipulagsstofnunar dags. 10.08.2016, vegna breytingar á deiliskipulagi Múlavirkjunar í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Skv. bréfinu gerir Skipulagsstofnun ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Í bréfinu viku Skipulagsstofnunar að því að Minjastofnun hafi gert athugasemdir vegna fornleifa í Seljadal, við Hraunsfjarðarvatn. Skv. greinargerð Minjastofnunar Íslands frá 02.06.2016, sem unnin var í kjölfar fundar Minjastofnunar með fulltrúum Múlavirkjunar, liggur nú fyrir hvaða rannsóknir þurfi að gera á svæðinu.

Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

Skv. upplýsingum frá Múlavirkjun frá 08.08.2016 hefur þegar verið óskað eftir tilboðum í rannsóknarvinnuna og er málið því í ferli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi fór yfir málið og kynnti efnislega bréf Skipulagsstofnunar frá 10. ágúst 2016 og sagði frá því að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og staðfesta þannig afgreiðslu sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 22.30